

Vextir af lánnum þessum skulu ekki vera hærri en almennir fasteignalána-vextir á hverjum tíma og ákvarðast af sjóðsstjórn, þó ekki lægri en 14% á árunum 1978 og 1979.

Gjalddagar afborgana og vaxta skulu vera 1. maí og 1. nóvember ár hvert og greiðast vextir eftirá.

5. gr.

Lán þessi skulu tryggð með veði í atvinnuhúsnæði lántakanda ásamt vélum og búnaði innan 70% af matsverði eða 50% af brunabótamati hins veðsetta. Nægi ekki umrædd veð, er stjórn sjóðsins heimilt að taka þau önnur veð eða ábyrgðir, sem hún telur fullnægjandi.

6. gr.

Að öðru leyti skulu um þessi lán gilda ákvæði laga um Fiskveiðasjóð Íslands nr. 44/1976 og reglugerða, sem settar eru samkvæmt þeim, eftir því sem við getur átt.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt bráðabirgðalögum nr. 95 5. september 1978 um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 22. september 1978.

Kjartan Jóhannsson.

Jón L. Arnalds.

GJALDSKRÁ

Iðntæknistofnunar Íslands yfir rannsóknir og tækniþjónustu.

1. gr.

1.1. Efnagreiningaþjónusta.

1.1.1. Matvæli, fóðurefni o. fl.

Sykurefni (með aðferð Fehlings)	kr.	2 000.00
Sterkja (í kjötmeti)	—	2 800.00
Kalsíum	—	1 500.00
Fosfór	—	1 500.00
Aska	—	750.00
Salt	—	900.00
Vatn	—	750.00
Fita (með Soxhlet)	—	1 300.00
Ammoníak	—	750.00
Natríum nítít	—	1 800.00
Protein (Kjeldahl)	—	2 000.00
Meltanlegt protein	—	3 200.00
Tréni (aðferð Weende)	—	1 700.00
Vatn, aska, protein, fita, tréni	—	5 400.00
Vatn, aska, protein, fita, tréni, meltanlegt protein, Ca, Mg, Na, P	—	12 500.00

1.1.2. Vatn (drykkjarvatn, heitt jarðvatn).

Ammoníak	kr.	750.00
Permanganattala	—	1 100.00
Brennisteinsvetni	—	1 300.00
Flúoríð	—	1 100.00
Járn	—	1 100.00
NH ₃ , NO ₃ og NO ₂ (kvalitatíf prófun)	—	1 100.00
Harka	—	1 100.00
Karboronat og bikarboronat	—	900.00
Kloríð	—	900.00
Kisilsýra	—	1 800.00
Kalsíum og magníum	—	2 400.00
Natríum og kalíum	—	2 400.00
Steinefni, uppleyst	—	1 500.00
Steinefni, óuppleyst	—	900.00
Súlfat	—	1 500.00
Súrefni	—	1 300.00
Sýrustig, pH	—	750.00
Viðnám rafmagns	—	750.00

1.1.3. Aðrar efnagreiningar.

Aðrar efnagreiningar en þær, sem að framan greinir, greiðast samkvæmt ákvæðum 2. greinar.

1.2. Efnisprófanir.**1.2.1. Togbólsmælingar.**

Prófun á togþoli, flötsþennu og lengingu, pr. sýni	kr.	2 000.00
Togprófun án skýrslu, vélavinna eingöngu, pr. klst.	—	3 100.00

1.2.2. Ljósbólsmælingar.

Ljósbólsmæling, pr. sýni (300 klst.)	kr.	4 500.00
Ljósbólsmælin, pr. sýni (1000 klst.)	—	9 500.00

1.2.3. Slitbólsmælingar.

Slitbólsmæling, pr. sýni	kr.	3 600.00
Gangbólsmæling, pr. sýni	—	3 600.00

1.2.4. Aðrar efnisprófanir.

Aðrar efnisprófanir en þær, sem að framan greinir, greiðast samkvæmt ákvæðum 2. greinar.

1.3. Önnur tækniþjónusta.

Ráðgjafarstörf, hæfnipróf á málmstöðu málmstöðupjálfun og önnur áþekk þjónusta greiðist samkvæmt ákvæðum 2. greinar.

2. gr.

Gjaldskráin er miðuð við áætlaða tímaþörf rannsókna og prófana. Ef um sérstæð verk er að ræða skal verðleggja rannsókn samkvæmt tímaþörf hverju sinni.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt lögum nr. 98 6. maí 1978 um Iðntæknistofnun Íslands til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá Rannsóknastofnunar iðnaðarins sama efnis nr. 428 23. desember 1976.

Iðnaðarráðuneytið, 22. september 1978.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

31. ágúst 1978.

Nr. 338.

REGLUGERÐ

um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, í reglugerð þessari nefnd: „Samábyrgðin“, skal eiga heimili og varnarþing í Reykjavík.

2. gr.

Samábyrgðin tekst á hendur:

- a. Endurtryggingu á skipum, sem frumtryggð eru hjá bátaábyrgðarfélagum.
- b. Aðrar endurtryggingar fyrir bátaábyrgðarfélög.
- c. Frumtryggingu á skipum, sem ekki eru skyldutryggð hjá bátaábyrgðarfélagum.
- d. Frumtryggingu á skipum, sem ríkissjóður eða ríkisstofnanir gera út eða sjá um útgerð á. Skylt er að vátryggja hjá Samábyrgðinni öll skip, sem ríkissjóður á og tryggir á hverjum tíma, enda séu tryggingakjörin ekki lakari en hjá öðrum tryggingarfélagum að dómi ríkisstjórnarinnar.
- e. Allar aðrar tryggingar, sem snerta útgerð fiskiskipa, svo sem tryggingar á vélum, tækjum afla, veiðarfærum og lausum munum skips og skipshafnar svo og slysa- og ábyrgðartryggingar sjómanna. Þó skal Samábyrgðin ekki heyja samkeppni við bátaábyrgðarfélögin um þessar tryggingar.
- f. Aðra fyrirgreiðslu til fiskiskipaútgerðar, sem stofnunin getur í té látið að mati stjórnarinnar.
- g. Rekstur Aldurslagasjóðs fiskiskipa.

Samábyrgðin skal hafa effirlit með starfsemi bátaábyrgðarfélaganna og vera þeim til ráðuneytis um rekstur.

3. gr.

Í stjórn Samábyrgðar eru fimm menn og jafnmargir til vara. Ráðherra skipar þrjú menn í stjórn, einn án tilnefningar og tvo eftir tilnefningu Landssambands ísl. útvegsmanna. Á sama hátt skipar ráðherra þrjú varamenn í varastjórn. Bátaábyrgðarfélögin kjósa tvo stjórnarmenn og tvo til vara, sbr. 6. gr. Skipunartími stjórnarinnar er fjögur ár.

Ef stjórnarmaður forfallast, skal varamaður tilnefndur af sama aðila, taka sæti hans. Skal annaðhvort aðalmaður eða varamaður, vera búsettur í Reykjavík eða nágrenni.

Stjórnin velur sér formann og varaformann.

Ráðherra ákveður þóknun stjórnarinnar, en hún greiðist af Samábyrgðinni.